

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-69/2009:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tölvu hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi telur að tölvan sem hann fékk afhenta hafi ekki verið eins og honum hafi verið sagt að hún væri og er kröfugerð hans á hendur seljanda svohljóðandi: „Undirritaður óskar eftir því að fá í hendur þá vöru sem hann taldi sig vera að kaupa, þ.e. vél með sambærilegum vélbúnaði og fram kemur á lýsingu vélarinnar sem er með fingrafaraskynjara og bluetooth búnaði. Viðkomandi vél verður að „keyra“ Office hugbúnaðinn án vandamála. Umrædd vél sem keypt var (T61) uppfyllir þessar kröfur ekki og því kemur ekki til greina að taka við henni aftur. Gerð er krafa um að undirritaður fái afrit af öllum þeim gögnum sem eru á harða diskum keyptrar tölvu. Að afritun lokinni óskar undirritaður eftir því að tryggilega verði frá því gengið að öllum gögnum á harða diskum vélarinnar verði eytt.“

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 23. september. Með bréfi, dags. 25. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 29. september. Með bréfi, dags. 7. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt tölvu af gerðinni A hjá Y 24. febrúar sl. og vísar til meðfylgjandi lýsingar á þeirri tölvu sem hann taldi sig vera að kaupa. Lýsing sú sem álitsbeiðandi sýnist vísa til er á ..... tölvu og er verð hennar sagt kr. 249.900 með virðisaukaskatti. Segir þar m.a. eftirfarandi: „Netkort:10/1000 Ethemetkort, Bluetooth. Öryggi: Innbyggður öryggisörgjörvi og fingrafaralesari.“ Álitsbeiðandi segir tölvuna hafa verið á útsölu og verslunarstjórinn reyndar tekið fram að sú tölva sem eftir væri hefði tvo 2,0 GHz örgjörva og 1000Gb disk en að öðru leyti svaraði hún framangreindri lýsingu. Álitsbeiðandi kveðst hafa boðið lægra verð en auglýst hefði verið og hefði verslunarstjórinn gengið að því. Af þessum ástæðum hefði hann fest kaup á tölvunni en ekki á tölvum af öðrum tegundum sem til greina hefðu komið. Í álitsbeiðninni segir síðan eftirfarandi:

„Sú vél sem undirritaður taldi sig vera að kaupa og sú vél sem hann fékk afhenta eru ekki sömu vélarnar. Undirritaður telur sig hafa verið hlunnfarinn þar sem auglýst vara var ekki

afhent með þeim búnaði sem henni átti að fylgja. Að auki kom upp bilun í umræddri vél, bilun sem er óásættanleg og er þessum atriðum lýst nánar hér að neðan.

#### **Búnaði sem er áfátt**

Undirritaður taldi sig vera að kaupa vél með bluetooth samskiptabúnaði. Vélin kom uppsett með slíkum hugbúnaði og mátti klárlega sjá bluetooth kennimerkið á tækjaslá vélarinnar. Þessi vélbúnaður er undirrituðum nauðsynlegur þar sem hann er með lófatölvu sem hann vill geta notað þráðlaust með umræddri tölvu. Að auki festi undirritaður kaup á bluetooth mús til að nota við tölvuna. Þegar vélin var send í viðgerð var það vegna þess að undirritaður gat ekki tengst ..... tölvunni með bluetooth músinni, né lófatölvunni sem lýst er hér að neðan. Samkvæmt lýsingu átti fingrafaraskynjari að vera í vélinni. Þegar kveikt er á vélinni kemur hins vegar melding um það að tengja þurfi þennan skanna við vélina, m.ö.o. enginn fingrafaraskynjari er í vélinni.

#### **Bilanir**

Vélin kom uppsett með XP og öllum uppfærslum sem þörf var á að ósk kaupanda. Kaupandi setti síðan upp Office 2007 hugbúnað á vélina. Frá degi eitt var vélin sein að starta sér upp, samanburð hefur undirritaður af samskonar vél hjá samnemanda. Fljótlega fór að bera á því að Office hugbúnaðurinn slökkti á sér í tíma og ótíma. Þetta orsakaði gagna- og vinnutap en sökum mikilla anna í vinnu og skóla (undirritaður stundar MBA nám við HÍ og sinnir að auki 115% vinnu) mátti undirritaður illa við að missa tölvuna í viðgerð. Því ákvað undirritaður að bíða þar til önnin væri búin og það hægðist um. Þann 8. júní 2008 var tölvunni skilað í viðgerð og er hún enn í vörslu Y. Í samtali við starfsmann verkstæðis, B, kom fram að óljóst væri í hverju bilunin fælist sem ylli því að Office forrit slökktu á sér. Einnig kom fram í því samtali að enginn bluetooth vélbúnaður væri í vélinni né heldur fingrafaraskynjari. Undirrituðum kom þetta mjög óúvart og telur þetta vera með öllu óásættanlegt. Y auglýsir vöru, fræðir væntanlegan kaupanda um þá vöru (ath. undirritaður tók sér 2 daga umþóttunartíma áður en kaupin voru ákveðin) en afhendir síðan mun lakari vöru. Undirritaður hafði sambandi við Y og ræddi við D vörustjóra tölvuáhluta. Undirritaður óskaði eftir úrlausn sinna mála en D vísaði frá sér heimild til slíkra ákvarðana. Hún benti á E framkvæmdastjóra sölusviðs, sem þá var í fríi. Undirritaður fór í frí og kunnngjörði D það. Undirritaður hefur átt nokkur símtöl við E, þar sem m.a. hefur komið fram sú afstaða að undirritaður geti sótt tölvuna úr viðgerð (þeir hafa ekki fundið út hvað að er) eða fengið hana endurgreidda. Hvorug lausnin er ásættanleg. Að auki kom fram hjá E að umrædd tölva var sýningarvél, en það var undirrituðum ekki kynnt við kaup vélarinnar. Undirritaður hefði aldrei farið út í umrædd kaup vitandi það að um sýningarvél væri að ræða.

Í lok ágúst (vélin hefur verið til athugunar hjá þeim síðan í byrjun sumars) stóð undirrituðum það til boða að taka vélina aftur að „kostnaðarlausu“ og fá með henni utanálggjandi búnað til að tengjast vélinni með bluetooth, fá vélina endurgreidda eða fá eldri vél. Slík vél er með auknum búnaði en gamalli tækni (2-3 ára tækni), sem gerir hana í raun úrelda áður en hún er komin í notkun. Enginn þessara kosta er ásættanlegur. Í fyrsta lagi er vélin sem keypt var ekki í lagi og hefur kostað mikið vinnutap vegna óútskýrðrar bilunar. Í öðru lagi er óásættanlegt að þurfa að tengja aukabúnað (og nota þar með eitt af 3 usb tengjum vélarinnar) við vélina þegar umræddur búnaður á að ver innbyggður í vélina. Í þriðja lagi hafa sambærilegar vélar hækkað í verði og því óásættanlegt að fá endurgreiðslu. Í fjórða lagi þá er sú vél sem undirrituðum er boðin með gamlan vélbúnað og því mun lakari kostur en sú vél sem undirritaður festi kaup á. Miðað við eðlilegan afskriftartíma er slík vél einnig úreld.

Með vísan til þar tilbærar lagagreinar (m.a. lög nr. 50/2000) og með vísan í góða viðskiptahætti óskar undirritaður eftir því að Neytendastofa taki ofangreint mál til umfjöllunar og úrskurðar.“

#### IV Andsvör seljanda

Samkvæmt reikningi sem fylgdi andsvörunum, dags. 24. febrúar 2009, seldi Y F, tölvu fyrir kr. 150.414 með virðisaukaskatti og að frádregnum afslætti, kr. 19.667.

Í upphafi andsvara Y kemur fram að fyrirtækið hafi selt ..... fartölvur um nokkurt árabíl og hafi A verið í sölu síðan 2007. Hafi hún verið í boði í mörgum mismunandi útgáfum eftir því sem tækni og kröfur notenda hafi breyst. Fyrirtækið kannist ekki við að hafa selt X tölvu í febrúar heldur fyrirtækinu F. Um hafi verið að ræða notaða og enduruppsetta vél (e. Refurbished) sem einnig hafi verið sýningarvél úr verslun. Af þeim sökum hafi verið gefinn aukaafsláttur frá söluverði. X hafi handleikið og skoðað tölvuna við móttöku. Á bakhlið reiknings séu skilmálar um kaupin og í almennum skilmálum gr. 3.1. komi fram að notuð vél njóti ekki ábyrgðar enda sé verð slíks búnaðar mun lægra vegna þess. Þá segir í andsvörunum að ekki sé ljóst með hvaða hætti tilboð í tölvu frá 19. september 2008 tengist beiðni X en því hafi hann ekki tekið og salan ekki byggð á því. Lýsing á þeirri tölvu sé á ..... Þessi lýsing fylgdi álitsbeiðni og verður að skilja beiðnina svo að álitsbeiðandi telji sig hafa verið að kaupa tölvu sem fullnægði þeirri lýsingu. Þá segir í álitsbeiðni að vél sem lýst sé í tilboði frá í september 2008 hafi verið ..... og vél sem F hafi keypt í lok febrúar 2009 hafi verið af gerðinni ..... Þá segir eftirfarandi í andsvörunum:

„Umrædd vél sem F keypti í febrúar 2009 kom í viðgerð í byrjun júní, en fram að því var Y ekki kunnugt um að athugasemdir væru vegna hennar. Í ljós kom að villa var í Microsoft uppsetningu vélarinnar og var það lagað. Ekki hefur verið farið fram á það að F greiddi fyrir þessar lagfæringar, sem ekki tengjast ábyrgð Y enda hluti af uppsetningu notanda eins og fram kemur í bréfi X til Neytendastofu. Einnig kom í ljós að ekki var Bluetooth samskiptabúnaður í vélinni eins og átti að vera skv. lýsingu.

Skv. skráningum í þjónustukerfi var talsvert reynt að ná í X í síma í júní. Þjónustumaður hjá Y náði sambandi við X 3. júlí 2009 og lét hann vita að vélin væri í lagi og Y gæti boðið honum Bluetooth búnað í litlu USB tengi en fingrafaralesari hefði ekki átt að fylgja vélinni. X kvaðst ekkert vilja með þessa vél hafa, segist ennfremur verða í hálendisferð til 27. júlí og vill að góð lausn verði komin fyrir þann tíma. 22. júlí er talað við X, sem ekki vill fá tölvuna endurgreidda og hótar því að tala við Neytendastofu. Tölvun hefur legið á verkstæðinu og í verslun frá í júní, tilbúin til afhendingar, en X hefur til þessa neitað að taka við henni.

Í lok ágúst fara fram tölvusamskipti milli E, framkvæmdastjóra sölusviðs Y og X, þar sem fram kemur að Y býður þrjár leiðir til að leysa málið.

1. Skila tölvunni og fá endurgreitt.
2. Bluetooth möguleika í núverandi tölvu með mjög litlum USB kubbi.
3. Skipta út núverandi tölvu fyrir ..... (notaða) sem hefur Bluetooth og fingrafaraskannara, og er mjög sambærileg vél og ..... er með 2GB vinnsluminni og 100gb disk.

Síðan er í andsvörunum lýst fjórum ástæðum sem X telji vera fyrir því að engin þessara lausna sé ásættanleg og er sú lýsing svohljóðandi:

1. Í fyrsta lagi nefnir hann að vélin hafi ekki verið í lagi og hafi kostað mikið vinnutap. Því er til að svara að villur sem fundust í uppsetningu Microsoft Office hafa valdið röskun á vinnslu vélarinnar. Þetta er ekki hluti af ábyrgð Y, enda um

að ræða búnað sem notandi setur upp á vélinni sjálfur. Y fékk engar upplýsingar um að vélin keyrði ekki eðlilega fyrr en rúmum fjórum mánuðum eftir söluna og X hefði verið í lófa lagið að koma með hana til viðgerðar strax og hann varð var við að vinnsla vélarinnar var ekki með eðlilegum hætti. Y ábyrgist ekki að búnaður eða þjónusta sé gallalaus, virki án rekstrartruflana og að forrit starfi ekki rétt skv. almennum skilmálum Y 2.3. Skv. sömu grein undanskilur Y sig frá öllu óbeinu og afleiddu tjóni, sem og tjóni sem stafar af notkun forrita. Y getur því á engan hátt borið ábyrgð á meintu vinnutapi.

2. Í öðru lagi nefnir X að óásættanlegt sé að þurfa að tengja aukabúnað við vélina, þegar hann á að vera innbyggður. Það er rétt að vélin átti að vera búin Bluetooth samskiptabúnaði. Með hliðsjón af 23. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 verður hins vega ekki fallist á að ágallinn sé það verulegur að kaupandi geti krafist nýs og dýrari búnaðar í stað þess sem hann fékk. Reynt hefur verið að bæta það með ýmsu móti. Y hefur boðist til að bæta gallann með litlum USB kubbi sem truflar vinnslu vélarinnar ekki að neinu leyti, meðfylgjandi er lýsing hans, en einnig hefur kaupanda verið boðið að fá aðra sambærilega vél með Bluetooth ef það þætti henta betur.
3. Í þriðja lagi nefnir X að sambærilegar vélar hafi hækkað mikið síðan í febrúar. Það er rétt, en það er vegna gengisþróunar íslensku krónunnar, sem Y hefur enga stjórn á, en finnst mjög bagalegt að hafi gerst. Y finnst einnig mjög miður að X hafi látið undir höfuð leggjast að koma með tölvuna strax og hann varð var við að hún uppfyllti ekki það sem hann áleit að hann hafi verið að kaupa. Hefði hann gert það hefði endurgreiðsla mögulega verið honum hagfelldari.
4. Í fjórða lagi nefnir X að vél sem honum hefur verið boðið að fá í stað þeirrar sem hann keypti sé lakari kostur en sú sem hann keypti. Þessu verður Y bara að vera ósammála X um.

Að lokum gerir kaupandi kröfu um að Y taki afrit af öllum þeim gögnum, sem eru á harða diski tölvunnar og afhendi kaupanda. Y getur ekki fallist á að bera ábyrgð á afritatöku af tölvunni.

Í niðurlagi andsvaranna eru staðreyndir málsins dregnar saman eins og þær líta út frá sjónarhóli seljanda. M.a. segir þar eftirfarandi.

Í ljósi ofangreinds telur Y sig í þessu máli sem öðrum hafa lagt sig fram um að stunda góða viðskiptahætti, en Y telur sig ekki geta lagt F til dýrari og betur búna vél en hann keypti í febrúar, án endurgjalds.“

## V

### Athugasemdir álitseiðanda

Í athugasemdum álitseiðanda kemur fram að af hálfu G, sem ritar andsvörin f.h. Y, sé viðurkennt að ekki hafi verið sá búnaður í tölvunni sem sér hafi verið kynntur og leitt til þess að hann hafi fest kaup á henni. Þá segist álitseiðandi ekki hafa vitað fyrr en í símtali við starfsmann Y nú í sumar að tölvan hefði verið sýningarvél og á reikningi fyrir tölvunni komi þetta ekki fram. Hann hefði aldrei keypt tölvuna hefðu þessar staðreyndir legið fyrir því að samkvæmt því sem fram komi í andsvörum séu slíkar tölvur ekki í ábyrgð. Álitseiðandi segist hafa vitað að nýtt stýrikerfi hefði átt að setja í tölvuna en hafi haldið að forsendan væri sú að hann hefði óskað eftir því að Windows XP væri í tölvunni en ekki Windows Vista. Þá segir eftirfarandi orðrétt í athugasemdunum:

„Það tilboð sem fylgdi með (fylgiskjal 3b með umkvörtun undirritaðs) er sú útprentun er verslunarstjóri Y, H, lét undirritaðan hafa til að sýna undirrituðum hvaða vél væri um að ræða. Engin leið er fyrir leikmann, sem undirritaður er, að gera sér grein fyrir þeim undirtypum sem G lýsir í svari sínu og er því leiðbeiningarskylda söluaðila þeim mun ríkari að álitu undirritaðs.“

Álitsbeiðandi lýsir því síðan hvers vegna tilboð Y um úrbætur séu óásættanleg. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa veitt starfsmanni Y munnlegar upplýsingar í lok apríl eða byrjun maí um að tölvan hafi ekki unnið sem skyldi en sagt honum að hann mætti ekki missa tölvuna fyrr en í lok skóla sem hafi verið þremur og hálfum mánuði eftir að hann hafi fest kaup á henni. Álitsbeiðandi kveðst aldrei hafa krafist þess að fá dýrari búnað heldur einfaldlega þá tölvu sem hann hafi talið sig vera að kaupa miðað við upplýsingar seljanda og samkvæmt þeim hafi tölvan átt að vera með innbyggðum Bluetooth hugbúnaði og fingrafaralesara. Aldrei hafi komið fram ásættanleg lausn á málinu af hálfu Y.

## VI

### Úr gögnum málsins

Meðal gagna málsins er tölvupóstur frá seljanda til álitsbeiðanda frá 10. september sl. Þar segir m.a. eftirfarandi:

„Vélin er tilbúin á verkstæði Y og hefur verið það í dagóðan tíma. Það eina sem hefur komið fram er að ákveðinn Word/Excel forritsbútur var keyrandi sem að því mér er sagt skapi aðstæður eins og þú hefur lýst. Þegar slökkt er á því þá kemur ekki upp þessi villa sem þú lýsir. Þetta er eitthvað sem tengist hugbúnaðinum en ekki vélinni.“

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda, F og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Þar sem um tvö fyrirtæki er að ræða falla viðskipti aðila undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og að framan er rakið segir álitsbeiðandi tölvuna hafa komið uppsetta með öllum uppfærslum sem hann hafi óskað eftir en sjálfur hafi hann sett upp Office 2007 hugbúnað í tölvuna. Að því er varðar þá bilun sem álitsbeiðandi lýsir að komið hafi fram í tölvunni álitur kærunefndin að ekki liggi fyrir upplýsingar um að hana megi rekja til vélbúnaðar tölvunnar eða hvernig hún var sett upp af seljanda. Seljandi sýnist hafa a.m.k. komist að raun um af hverju bilunin stafar og samkvæmt lýsingu, sbr. tölvupóst hans til álitsbeiðanda frá 10. september sl. þar sem segir að tölvan sé tilbúin til afhendingar, er bilun þessi rakin til hugbúnaðar er álitsbeiðandi setti sjálfur í tölvuna. Kærunefndin álitur, eins og málið liggur fyrir henni, ekki efni til að leggja einhverja ábyrgð á seljanda vegna þessarar bilunar.

Að því er varðar ábyrgð seljanda á hugsanlegum göllum á tölvunni álitur kærunefndin að réttur kaupanda til að bera fyrir sig galla samkvæmt 32. gr. laga nr. 50/2000 sé hinn sami hvort heldur um er að ræða tölvu sem hefur verið til sýnis eða ekki

nema á því hafi verið vakin athygli af hálfu seljanda sem ekki virðist hafa verið gert í því tilviki sem hér um ræðir.

Aðilar málsins vísa til sitt hvorrar vörulýsingar að því er varðar þá tölvu sem álitsbeiðandi keypti. Það er viðurkennt af hálfu seljanda að samkvæmt þeirri lýsingu sem hann vitnar til hafi átt að vera innbyggður bluetooth hugbúnaður í tölvunni þannig að um það deila aðilar ekki. Hins vegar telur álitsbeiðandi að samkvæmt þeirri vörulýsingu sem seljandi hafi látið sér í té hafi einnig átt að vera fingrafaraskynjari í tölvunni sem seljandi telur ekki rétt þar sem þess hafi ekki verið getið í þeirri lýsingu sem hann segir að gefin hafi verið á tölvunni. Liggur þannig fyrir kærunefndinni að taka afstöðu til þess hver áhrif þessi tvö atriði hafa á réttarstöðu aðila samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í 17. gr. laga nr. 50/2000 er kveðið á um það hvaða eiginleikum söluhlutur skuli vera búinn. Segir þar m.a.:

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

[...]

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í [1. og 2. mgr.]<sup>1)</sup>

Kærunefndin álitur að leitt sé í ljós að tölva álitsbeiðanda sé gölluð í skilningi c-liðar framangreindrar lagagreinar þar sem hún var ekki með innbyggðan bluetooth hugbúnað eins og óumdeilt er að báðir aðilar gerðu ráð fyrir. Hins vegar álitur kærunefndin ekki fyllilega sannað að álitsbeiðandi hafi mátt gera ráð fyrir því að fingrafaraskynjari væri í tölvunni þótt líkur bendi til þess.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir að reynist söluhlutur gallaður og sé gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varði geti kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta. Í 1. mgr. 32. gr. er kveðið á um það að kaupandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig galla tilkynni hann seljanda ekki um hann án ástæðulauss dráttar eftir að hann varð hans var. Kærunefndin álitur, þótt álitsbeiðandi sýnist hafa verið nokkuð seinn til að láta seljanda vita af þeim göllum sem hann taldi vera á tölvunni, að hann hafi ekki glatað rétti af þeim sökum.

Í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000 segir eftirfarandi:

Kaupandi getur krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun eða sams konar ósamræmi og um ræðir í 23. gr. Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar ef hlutur var til staðar við kaup og hefur slíka eiginleika miðað við væntingar aðila að ekki er með sanngirni unnt að krefjast þess að hann verði bættur með öðrum hlut.

Í 1. mgr. 23. gr. sem vísað er til í 2. mgr. 34. gr. laganna segir eftirfarandi:

Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda. Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af efndum.

Af gögnum málsins verður að telja ljóst að álitsbeiðandi keypti tölvu sína á mjög góðu verði hvort heldur miðað er við að bluetooth búnaður og fingrafaraskynjari væri í henni eða ekki. Kærunefndin telur að seljandi yrði fyrir umtalsverðum kostnaði væri á hann lagt að afhenda álitsbeiðanda nýja tölvu sem miklar líkur væru á að sá kostnaður yrði í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af því að fá tölvu með innbyggðum bluetooth búnaði í stað utanáliggjandi eins og seljandi hefur boðið honum og sama máli gegnir með fingrafaraskynjarann. Kærunefndin álitur þannig að ekki standi lög til þess, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 50/2000, að álitsbeiðandi eigi rétt á að fá afhenta nýja tölvu í stað þeirrar sem hann keypti. Hins vegar álitur kærunefndin að þar sem tölvan sannanlega fullnægði ekki vörulýsingu eigi álitsbeiðandi rétt á afslætti af kaupverði hennar, sbr. ákvæði 38. gr. laga nr. 50/2000, og telur þann afslátt hæfilegan kr. 55.000. Er þá ekki gert ráð fyrir því að seljandi leggi álitsbeiðanda til bluetooth búnað að auki.

## VIII

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, F, kr. 55.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir